

1652

Miðvikudaginn 9. desember 1987.

Nr. 175/1987. **Ingi Pálsson og**

Samvinnutryggingar g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Kristjáni Sæmundssyni

(Gunnar Sólmes hrl.)

Bifreiðar. Árekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús P. Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1987. Þeir krefjast þess að verða sýknaðir af kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar áfrýjaðs dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Framlagður uppdráttur af vettvangi sætir ekki andmælum og verður hann því lagður til grundvallar í málinu. Af því og málflutningi aðila leiðir að miða ber dóm í málinu við að stefndi hafi beygt af vinstri vegarhelmingi Geislagötu inn á vinstri vegarhelming Gránufélagsgötu miðað við akstursstefnu hans. Eins og aðstæðum á vettvangi er háttað var þessi akstur andstæður 2. og 3. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968. Af þessu leiðir að stefndi átti slíka sök á árekstrinum að hann getur ekki kafið áfrýjendur um frekari skaðabætur vegna tjóns síns en honum hafa þegar verið greiddar. Verða áfrýjendur því sýknaðir af kröfum hans í málinu.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Ingi Pálsson og Samvinnutryggingar g/t, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Kristjáns Sæmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Kristján Sæmundsson, nnr. 5887-2237, Lerkilundi 19, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 13. janúar 1986, á hendur Inga Pálssyni, nnr. 4570-1913, Furulundi 9 a, Akureyri, og Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Krefst stefnandi þess, að stefndu verði, in solidum, dæmd til að greiða honum kr. 19.828,00 með 22% ársvöxtum frá 27. maí 1985 til 23. janúar 1986 og með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags sbr. lög nr. 56, 1979, svo og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Stefnandi kveður málavexti þá, að mánudaginn 27. maí 1985 hafi hann ekið bifreið sinni A-9510 norður Geislagötu á Akureyri og á gatnamótum Geislagötu og Gránufélagsgötu hafi hann beygt vestur Gránufélagsgötu. Bifreiðinni A-1771 hafi þá verið ekið þvert í veg fyrir bifreið hans og hafi hægra framhorn bifreiðar hans rekist í hægri hlið bifreiðar stefnda, A-1771. Almennur umferðarréttur sé á gatnamótum Geislagötu og Gránufélagsgötu og beri því umferð sem komi vestan Gránufélagsgötu að víkja fyrir umferð sem komi sunnan Geislagötu; þess sé og að gæta að Geislagata að Gránufélagsgötu sé einstefnuakstursgata í norður. Skráður eigandi bifreiðarinnar A-1771, Ingi Pálsson, stefndi í máli þessu, hafi jafnframt verið ökumaður bifreiðarinnar í umrætt sinn. Kostnaður við viðgerð á bifreið stefnanda hafi numið samkvæmt mati kr. 47.965,00, en þar af hafi váttryggingafélagið greitt kr. 32.137,00 og sé málið höfðað til greiðslu á mismuninum auk bóta fyrir afnotamissi kr. 4.000,00.

Þýggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að ökumaður bifreiðarinnar A-1771 eigi alla sök á árekstri þessum með því að virða ekki umferðarrétt stefnanda á gatnamótunum.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur átt verulega sök á bifreiðaárekstri þeim, sem málið sé af risið og eigi því ekki rétt til frekari bóta fyrir tjón sitt af völdum árekstrarins en hann hafi þegar fengið greiddar. Felist sök stefnanda í því að hann hafi tekið vinstri beygju af Geislagötu inn á Gránufélagsgötu, afbrigðilega og hættulega og andstætt reglum umferðarlaga. Hann hafi með öðrum orðum ekið inn á Gránufélagsgötu í allt of þröngri beygju. Af þessu hafi leitt að stefnandi hafi ekið á öfugum helmingi Gránufélagsgötu nokkurn spöl eftir að hann var kominn að gatnamótunum og brotið þá rétt á stefnda, Inga, sem ekki hafi átt að þurfa að gera ráð fyrir því þegar hann nálgadist gatnamótin, að ökutæki kæmi sunnan Geislagötu í svo afbrigðilegri vinstri beygju inn á Gránufélagsgötu í veg fyrir hann. Leiðir bifreiðanna hafi skorist fyrr en

orðið hefði ef stefnandi hefði beygt rétt og skaplega inn á Gránufélagsgötu. Það hafi því ekki verið farið að reyna á rétt stefnanda skv. 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga þegar áreksturinn varð og það sé ekki gild ástæða til að ætla að stefndi Ingi hefði ekki virt umferðarrétt stefnanda við gatnamótin, ef honum hefði gefist svigrúm til þess svo sem orðið hefði ef stefnandi hefði beygt með réttum hætti inn á Gránufélagsgötu.

Í málinu er lögð fram lögregluskýrsla vegna árekstrar þessa. Í henni segir: „Ökumaður A-1771 kvaðst hafa ekið austur Gránufélagsgötu á ca 30 km hraða. Hann kvaðst ekki hafa orðið hinnar bifreiðarinnar var fyrr en andartaki áður en áreksturinn varð. Hann kvaðst hafa reynt að sveigja bifreið sína til vinstri en það hefði komið fyrir ekki og hefði hægra framhorn A-9510 lent í hægri hlið bifreiðar sinnar. Ökumaður A-9510 kvaðst hafa ekið norður Geislagötu. Hann kvaðst ekki hafa séð til ferða A-1771 fyrr en um leið og áreksturinn varð. Hann kvaðst ekki hafa náð að hemla áður en áreksturinn varð.”

Í málinu liggur fyrir uppdráttur af vettvangi. Frekari upplýsingar um áreksturinn liggja ekki fyrir í málinu.

Af gögnum þessum virðist ljóst, að bifreiðarstjóri A-1771 hafði ekki tók á að stöðva bifreið sína er hann kom að umræddum gatnamótum, þrátt fyrir það að honum bar að virða umferðarrétt bifreiða, er komu úr suðri eftir Geislagötu. Ökumaður A-1771 kveðst hafa gripið til þess ráðs að sveigja bifreið sína til vinstri. Samkvæmt uppdrættinum virðist sú bifreið hafa verið við vinstri brún Gránufélagsgötu er hún kom að gatnamótunum, sé miðað við að áreksturinn hafi orðið þar sem glerbrot úr bifreiðunum eru sýnd á uppdrættinum. Er sök stefnda á árekstrinum því augljós.

Í málinu er ekki upplýst í hversu krappri beygju bifreiðinni A-9510 var sveigt inn á Gránufélagsgötuna og er ósannað að það hafi verið með öðrum hætti en eðlilegt mátti teljast miðað við beygju frá vinstri brún Geislagötu. Er sök hans á árekstrinum því ósönnuð.

Niðurstaða dómsins samkvæmt framansögðu er sú, að leggja beri alla sök á árekstrinum á ökumann A-1771 og dæma stefndu til að bæta stefnanda tjón hans að fullu. Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfu stefnanda og verður hún því samkvæmt framansögðu tekin til greina að fullu, þó svo að dómvextir verða einungis dæmdir frá þingfestingardegi 27. febrúar 1986. Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ingi Pálsson og Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Kristjáni Sæmundssyni, in solidum, kr. 19.828,00 ásamt 22% árs-vöxtum frá 27. maí 1985 til 27. febrúar 1986, en dómvöxtum

samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1987.

Nr. 244/1987. **Sigurbjörn Eiríksson**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Ólafí Jónssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1987 til þingfestingar 2. október s.á. Er málið kom fyrir 2. desember 1987 óskaði stefndi eftir fresti til 11. janúar 1988 til gagnáfrýjunar og framlagningar greinargerða í aðalsök og gagnsök.

Hinn 2. desember s.l. var stefnda veitt gagnáfrýjunarleyfi. Hann hefur tekið út gagnáfrýjunarstefnu til þingfestingar 11. janúar 1988.

Áfrýjandi synjaði frestbeiðni stefnda, þar eð stefndi hefði þegar haft nægan frest til að höfða gagnsök. Krafðist áfrýjandi þess að málinu yrði frestað til flutnings.

Stefndi krafðist úrskurðar um frestbeiðni sína.

Svo sem fyrr er rakið var mál þetta þingfest 2. október 1987. Þykir því eftir atvikum rétt að veita hinn umbeðna frest.

D ó m s o r ð:

Hinn umbeðni frestur er veittur.
